



Fundargerð

32. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, 26. febrúar 2026 kl. 14:30

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar, forfallaðist
Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara
Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi foreldra
Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri
Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar
Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen.

1. Upplýsingakerfið Vala og rafrænar umsóknir í leikskólann

Verið er að leggja niður Karellen tölvukerfið og taka upp Völu. Vala verður tekin formlega upp 1. apríl. Kerfið er til dæmis notað til að halda utan um mætingu, senda skilaboð á foreldra um blejgur og annað slíkt sem og til að senda myndir til foreldra af börnunum sínum.

Skólanefnd leggur til að sveitarfélagið taki upp skráningarkerfi Völu fyrir rafrænar skráningar og umsóknir í leikskólann. Enda er mjög einfalt að bæta því við heimasíðu sveitarfélagsins með skráningarhnappi.

2. Skóladagatal 2026 til 2027

Skóladagatal Grunnskólans er samþykkt samhljóða af Skólanefnd. Allir starfsmenn skólans stefna á námsferð í byrjun maí, af þeim sökum eru starfsdagar skipulagðir þá.

Skóladagatal Leikskólans er samþykkt samhljóða af Skólanefnd. Með því eru skóladagatöl leik- og grunnskólans samræmd að miklu leiti. Reynsla síðasta árs af þeim breytingum sem gerðar voru þá á opnunartíma leikskólans er mjög góð.

Breytingarnar hafa haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi leikskólans og við sjáum mjög skýr merki þess að breytingarnar hafi skilað tilætluðum árangri.



Ein skýrasta vísbendingin um farsæld breytinganna er veruleg fækkun veikindadaga hjá starfsfólki.

Deildarstjóri leikskóladeildar hefur tekið saman svokölluð Bradford-stig síðustu þrjú skólaár (fyrir tímabilið ágúst til mars ár hvert), en stigin gefa til kynna umfang veikinda þar sem hærrí stig merkja meiri fjarveru. Þróunin er eftirfarandi:

- Ágúst 2023 – mars 2024: 27.976 stig
- Ágúst 2024 – mars 2025: 5.949 stig
- Ágúst 2025 – mars 2026: 2.501 stig

Eins og tölurnar sýna hafa veikindi dregist saman jafnt og þétt og er staðan í dag sú besta sem við höfum upplifað í langan tíma.

Þessi bætta mæting og aukni stöðugleiki hefur haft afgerandi áhrif á daglegan rekstur. Á yfirstandandi skólaári hefur aldrei þurft að virkja faliðunaráætlun né biðja foreldra um að sækja börn sín fyrir í leikskólann vegna mönnunarvanda. Á árum áður þurftum við reglulega að grípa til slíkra ráðstafana. Einnig höfum við sloppið við að loka frístundarstarfi til að flytja starfsfólk þaðan yfir á leikskólann til að halda honum opnum, sem var raunveruleiki sem við stóðum frammi fyrir áður og frístund var því oft lokað.

Samfellan í starfsemi hefur leitt af sér meiri fagmennsku, enda eru fastir starfsmenn nánast undantekningarlaust við störf. Þetta eykur öryggi í barnahópnum og skilar sér í mun meiri starfsánægju meðal starfsfólks.

Auk þessara rekstrarlegu ástæðna er einnig meiri fyrirsjáanleiki fyrir foreldra þegar við höldum lokað á föstum dögum (jól, páskar, vetrar- og haustfrí) frekar en að þurfa að skrá sig og svo gæti reynst lokað vegna of lítillar skráningar. Með þessu vita foreldrar fram í tímann hvaða dagar leikskólinn er lokaður, geta betur skipulagt sig og geta nánast alveg treyst á það að leikskólinn sé opinn aðra daga og sé ekki að loka vegna manneklu.

Að lokum má ekki gleyma hagsmunum barnanna. Þetta fyrirkomulag tryggir þeim nauðsynleg frí og styttri vinnuviku, sem er mikilvægur þáttur í að stuðla að vellíðan þeirra og draga úr álagi.



3. Húsnæðisnefnd

Farið yfir teikningar af breytingum á skólahúsnæðinu eins og þær liggja fyrir í dag. Þegar teikningarnar verða uppfærðar af Eflu mun húsnæðisnefndin senda þær til umsóknar hjá kennurum, skólanefnd og víðar.

Fram kom á fundinum að frístund þurfi að hafa tvö rými til umráða.

4. Skólastefna Grímsnes- og Grafningshrepps

Rætt um vinnuna við Skólastefnuna fram að lokum störfum nefndarinnar í vor.

5. Dagsetning næstu funda

Næstu fundir verða :

17. mars klukkan 14:30

24. mars klukkan 14:30

9. apríl klukkan 14:30

12. maí klukkan 14:30 einnig tekinn frá ef þarf

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:12